

Umsókn um
húsaleigubætur

Umsókn um húsaleigubætur er samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997

Dags. _____
Staðfesting móttöku

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda: (skal vera sama og nafn leigjanda íbúðarhúsnæðis á leigusamningi)	Kennitala:
Lögheimili: (umsækjandi skal eiga lögheimili í viðkomandi leiguhúsnæði)	Símanúmer/GSM:
Aðsetur: (ef annað en lögheimili, á aðeins við um námsmenn)	Atvinnustaða:
Netfang umsækjanda:	

Lýsing hins leigða húsnæðis

Staðsetning:	Stærð í fermetrum:	Fjöldi herbergja:

Óskað er eftir að húsaleigubætur verði lagðar inn á eftirfarandi bankareikning

Nafn reikningseiganda (ef annar en umsækjandi):		Kennitala:	
Banki:	Útibú nr.:	Höfuðbók:	Númer reiknings:

Ég undirrituð/-aður lýsi því hér með yfir að hvorki ég né nokkur annar sem býr með mér í íbúðinni nýtur réttar til vaxtabóta né er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi, í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri.

Ég undirrituð/-aður sækji hér með um húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur. Jafnframt lýsi ég því yfir að allar tilgreindar upplýsingar eru réttar. Ég skuldbind mig til að tilkynna sveitarfélaginu þegar í stað um sérhverjar breytingar á högum mínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt minn til húsaleigubóta og bótafjárhæð.

Mér er kunnugt um ákvæði 17. gr. laga um húsaleigubætur nr. 138/1997, varðandi viðurlög við brotum á lögnum og skyldu til endurgreiðslu með 15% álagi hafi ég ranglega fengið bætur eða of háar eða fyrir of langt tímabil.

Undirskrift umsækjanda og annarra íbúa leiguhúsnæðisins:

Nafn:	Kennitala:

Ég undirrituð/-aður er bý í leiguíbúðinni veiti hér með sveitarfélaginu fullt og ótakmarkað umboð til þess að afla upplýsinga um tekjur minar og eignir hjá skattayfirvöldum.

Undirskrift umsækjanda og annarra íbúa leiguhúsnæðisins:

Nafn:	Kennitala

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn til þess að bætur greiðist:

Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði.

Staðfesting skóla um nám ungmenna 20 ára og eldri.

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi óskar eftir að koma á framfæri _____

Athugið:

Umsóknarfrestur

Umsókn skal hafa borist eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn seinna verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar. Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn koma bætur ekki til greiðslu í næsta mánuði á eftir, en réttur til bóta miðast hins vegar við umsóknartíma, berist fullnægjandi gögn síðar. Skal þá sveitarfélag gera umsækjanda grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja mánaða. Sinni umsækjandi ekki þeim tilmælum telst umsókn hans fallin úr gildi.

Gildistími umsóknar

Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka. Umsækjendur þurfa að endurnýja umsókn sína fyrir 16. janúar til þess að greiðslur falli ekki niður.

Lengd húsaleigusamnings

Það girðir fyrir rétt til húsaleigubóta ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

Húsaleigusamningur útrunninn

Greiðslur húsaleigubóta falla niður þegar tímabundnum húsaleigusamningi lýkur nema umsækjandi skili inn nýjum samningi. Berist ekki nýr samningur innan tveggja mánaða frá lokadegi samnings fellur umsóknin úr gildi.

Lögheimili

Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili.

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsóknum á eftirtaldar þjónustumiðstöðvar:

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar – Vesturgarður, Hjarðarhaga 45-47, s. 411 1700
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21, s. 411 1600
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39, s. 411 1500
Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, s. 411 1300
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Bæjarhálsi 1, s. 411 1200
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness - Miðgarður, Langarima 21, s. 411 1400

Upplýsingar veitir einnig Síðmaver Reykjavíkurborgar s. 4 11 11 11